



Héraðsnefnd Árnésinga bs.

7. fundur haldinn á Hótel Örk í Hveragerði fimmtudaginn 15. og 16. október 2015

Formaður Héraðsnefndar, Ari Björn Thorarensen, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundarsetning og yfirferð fundargerða

Fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga, nr. 6, frá 9. apríl, nr. 7, frá því í maí, nr. 8, frá 27. maí, nr. 9, frá 28. júlí, nr. 10, frá 21. september, nr. 11, frá 2. október og nr. 12, frá 6. október, voru lagðar fram til samþykktar.

Til máls tóku auk formanns Helgi Kjartansson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Ásta Stefánsdóttir og Sveinn S. Steinarsson.

Rætt var um málefni Brunavarna Árnessýslu og breytingar sem fram undan eru þar.

Fundargerðir voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

2. Breyting á samþykktum

Endurskoðaður var stofnsamningur um Héraðsnefnd Árnésinga og gerðar tillögur að breytingum. Helstu breytingar eru að öll fagrað munu nú heita stjórnir, einnig er fjölgun manna í stjórn Brunavarna Árnessýslu úr 3 í 5.

Til máls tóku auk formanns Sveinn S. Steinarsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Helgi S. Haraldsson.

Lagt er til að framkvæmdastjórn gangi frá stofnsamningi með þeim breytingum sem tillagan inniheldur og leggi fyrir sveitarstjórnir.

Var það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjórn var falið að breyta erindisbréfum fagraða ef allar sveitarstjórnir samþykkja.

Kjörnefnd vék af fundi

Kosning í stjórn Brunavarna Árnassýslu, tveir viðbótar fulltrúar.

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, tók til máls og lagði til að Ásta Stefánsdóttir og Jón G. Valgeirsson verði viðbótarfulltrúar í stjórn Brunavarna Árnassýslu.

Var það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

3. Umræður um löggæslu og almannavarnir í Árnassýslu og á Suðurlandi

Formaður tók til máls og bauð Víði Reynisson og Odd Árnason velkomna.

Víðir kynnti samstarfverkefni lögreglunnar á Suðurlandi, sveitarfélaga og almannavarna á svæðinu. „Eitt svæði – eitt afl.“

Með verkefninu er unnið að framtíðaruppbyggingu aukins öryggis íbúa og þeirra sem fara um umdæmið, að gera umdæmið áfallaþolnara og gera sveitarfélögin betur í stakk búin til að takast á við áföll.

Búið er að fara yfir stjórnkerfið á svæðinu með það í huga að efla samstarf, samþættingu og samhæfingu allra aðila og tengja sveitarfélögin við viðbragðsáætlanir. Setja á saman samráðshóp um almannavarnir á Suðurlandi, langtímaviðbrögð við náttúruhamförum og viðbrögð við samfélagslegum áföllum. Það er gert með því að setja upp gátlista og áætlanir.

Stefnt er að því að vinna áætlun fyrir öll sveitarfélög á svæðinu. Gert er ráð fyrir að gera nýja áætlun fyrir jarðskjálfta, hópslysaáætlun o.fl., einnig á að uppfæra og ljúka við áður gerðar áætlanir eins og t.d. Bárðarbungu, Herjólfssáætlunina, Kötlu og Eyjafjallajökul.

Fyrirhugaðar eru æfingar og fræðsla fyrir þá aðila sem koma að hamförum.

Ákveðið hefur verið að halda áfram með stjórnstöðvar á Selfossi, Hellu og Höfn og að auki að vera með fastan tengilið í þéttbýliskjörnunum sem getur stýrt ef á reynir.

Úttekt og áhættuskoðun er fyrirhuguð á hættulegum ferðamannastöðum til að auka öryggi ferðamanna en þar þarf einnig að efla löggæslu og samstarf viðbragðsaðila og ferðapjónustu. Einnig þarf að setja upp aðgerðaáætlun ef kjarreldar verða á svæðinu.

Áhugi er fyrir því er að hafa almannavarnadag, vera þá með fræðslu og fá skóla, fyrirtæki o.fl. til að taka þátt líkt og 112 dagurinn hjá Neyðarlínunni.

Löngun er til að setja upp fræðslusetur almannavarna í samstarfi við háskóla.

Næstu skref er að festa skipulagið í sessi, hefja gerð viðbragðsáætlana, úttektir á öryggi ferðamanna, gera gátlista og áætlanir fyrir sveitarfélög og fræða og þjálfa.

Víðir og Oddur svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

Til máls tóku auk formanns Kjartan Björnsson, Hörður Óli Guðmundsson, Guðmundur Ármann Pétursson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ragnar Magnússon, Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson, Helgi S. Haraldsson, Sveinn S. Steinarsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Skafti Bjarnason og Ármann Einarsson.

Mikið var rætt um vegi í sýslunni, þá sérstaklega í kringum þekktu ferðamannastaði eins og Gullfoss, Geysi og Þingvelli, þar er mikil umferð og eru sveitarstjórnarmenn áhyggjufullir yfir fjölda bíla og rúta á svæðinu. Vegir á þessum slóðum eru þröngir og margir hverjir eru verulega farnir að láta á sjá. Oddur og Víðir tóku undir áhyggjur fundarmanna.

Ari þakkaði Víði og Oddi fyrir góða kynningu og greinargóð svör.

Héraðsnefnd samþykkir eftirfarandi ályktun:

Mikil fjölgun ferðamanna á Suðurlandi hefur í för með sér aukna umferð á þjóðvegum í landshlutanum. Mikil slysaþætta stafar af einbreiðum brúm og vegum án bundins slitlags og vetrarþjónusta á vegum er ekki viðunandi, hvorki fyrir ferðamenn né íbúa á svæðinu. Tryggja þarf nægt fé til viðhalds vega og vetrarþjónustu til að tryggja umferðaröryggi. Síðasta vetur var t.d. alloft lokað fyrir umferð um Hellisheiði og Þrengsli og þess ekki gætt að sinna mokstri og hálkuvörnum á Suðurstrandarvegi til að unnt væri að nota þann veg sem varaleið.

Formaður tók til máls og lagði til að leggja fram tillögu frá Aldísi Hafsteinsdóttur, vegna Hrísholts 8 á Selfossi. Var það samþykkt samhljóða.

Aldís Hafsteinsdóttir tók til máls en hún tók að sér fyrir hönd héraðsnefndar að ræða við fulltrúa frá Sveitarfélaginu Árborg um húsnæðið að Hrísholti 8 á Selfossi. Eftir viðræður aðila er niðurstaðan sú að Sveitarfélagið Árborg hefur ekki áhuga á því að kaupa hlut HÁ í húsinu og er álit beggja aðila að rétt sé að setja húsið í almenna sölu á almennum markaði.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga samþykkir að setja í gang sölufjerli á húsinu Hrísholti 8 í samráði við Sveitarfélagið Árborg sem er hinn eigandi hússins.

Söluandvirði hússins komi til hækkunar eigin fjár Héraðsnefndar Árnesinga og verður tekin afstaða til ráðstöfunar þess á vörfundum Héraðsnefndar Árnesinga. Framkvæmdastjórn er falið að sjá um söluna fyrir hönd Héraðsnefndar.

Til máls tóku auk formanns Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ragnar Magnússon, Helgi Kjartansson og Sveinn S. Steinarsson.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Formaður tók til máls og lagði til að ræða stöðu framkvæmda við FSu og var það samþykkt samhljóða.

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og fór yfir stöðu framkvæmda vegna stækkunar á verknámshúsinu Hamri við Fjölbrautaskóla Suðurlands og ræddi einnig um fyrirhugaða lántöku fyrir framkvæmdum og skiptingu á aðildarsveitarfélögin.

Ingibjörg Garðarsdóttir tók til máls og fór yfir fjármálastöðu og lántöku héraðsnefndar vegna framkvæmda við Hamar. Ákveðið var að taka lán til 20 ára.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn S. Steinarsson og Helgi Kjartansson.

Stjórn Héraðsnefndar Árnesinga samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 241.000.000 kr. til 20 ára, í samræmi við samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er lánið tekið til að fjármagna viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurlands, sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ingibjörgu Garðarsdóttur, kt. 031072-3289, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Héraðsnefndar Árnesinga, sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði, standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus, sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/201,1 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

Ingibjörgu Garðarsdóttur var falið að ganga frá lántöku fyrir hönd Héraðsnefndar Árnesinga.

4. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árnesinga

Fundargerðir fagráðs, nr. 173 frá 1. september og nr. 174 frá 28. september, voru lagðar fram til samþykktar.

Helga Sighvatsdóttir og Robert Darling komu inn á á fundinn og sögðu frá Tónlistarskóla Árnesinga.

Síðasta skólaári lauk meðal annars með þrennum glæsilegum framhalds- prófstónleikum, ásamt röð fjölbreyttra tónleika og skólaslita. Heildarfjöldi nemenda í vetur eru 479. Á biðlista eru 65 aðilar, flestir í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Árborg.

Það er þó oft undir hverju sveitarfélagi komið hvernig hægt er að bregðast við biðlistum. Húsnæðismál hafa verið í lagi á starfsstöðum skólans en húsnæðið í Árborg er orðið of lítið miðað við ásókn og kröfur um samspil. Mikil aukning hefur orðið í hópkenndu, t.d. eru í Suzukinámi hátt í 100 nemendur. Það krefst margra hóptíma og þar af leiðandi eru stóru herbergin mikið í notkun og salurinn er í notkun frá morgni til kvölds. Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsfólki skólans, en vel gekk að fá nýja kennara í stað þeirra er létu af störfum. Tekið var upp nýtt tónfræðikerfi sem heitir Opus 1 - 6 vonast er eftir að með þessu kerfi verði efling á tónfræðikennslu í skólanum. Kennarar eru að feta sig áfram í nýjum kennsluaðferðum með spjaldtölvum en það er hrein viðbót við kennsluna sem fyrir er. Nú hafa kennarar þann möguleika að senda nemendum myndbrot o.fl. sem er svo unnið með í tímunum. Róbert sér fyrir sér að aukning verði í notkun spjaldtölva við kennslu í framtíðinni. Í skýrslu sem Róbert lagði fram má sjá ýmsar tölulegar upplýsingar um nemendur og hvernig skiptingin er á hljóðfærum ásamt fleiru.

Einnig fór Róbert yfir fjárhagsáætlun fyrir komandi skólaár.

Til máls tóku auk formanns Kjartan Björnsson, Margrét Jónsdóttir, Helgi Kjartansson, Aldís Hafsteinsdóttir og Ragnar Magnússon.

Undir fundargerð fagraðs nr. 174 vill Héraðsnefnd Árnesinga þakka sérstaklega fyrir þær gjafir sem skólanum hafa verið færðar.

Fundargerðir voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga

Fundargerð fagraðs frá 15. september var lögð fram til samþykktar.

Þorsteinn Másson kom inn á fundinn og sagði frá Héraðsskjalasafni Árnesinga. Fastráðnir starfsmenn safnsins eru 2 en einnig er 1 aðili í aukastöðugildi en eins og staðan er í dag þá væri þörf á að fastráða hann. 777 gestir hafa komið á safnið sem af er ári sem er á pari miðað við undanfarin ár. 78 afhendingar eru komnar á árinu og 736 fyrirspurnir og erindi og er safnið mikið notað. Í sumar fylltust geymslurnar á safninu og eru því allir krókar og kimar notaðir fyrir gögn. Það er óhætt að segja að það sé þröngt á þeim í húsnæði safnsins en það mun breytast þegar hægt verður að fara með gögn í nýju geymsluna. Keypt hefur verið geymsluhúsnæði í Gagnheiðinni /Háheiðinni sem búið er að innrétta og koma fyrir hillum og er áætlað að fara að setja inn gögn mjög fljótlega en ekki er komið öryggiskerfi og hefur það seinkað flutningi. Ekki verða trúnaðarskjöl sett í þessa geymslu. Safnið er áfram að nota þá staðla til skráningar sem þeir hafa verið að nota og einnig er verið að endurhanna staðlana í samvinnu við Þjóðskjalasafnið o.fl. Eftirlit og ráðgjöf með gögnum hjá stofnunum sveitarfélaganna hefur aukist en fjármagn í þetta verkefni er lítið. Áætlað er að fara í nóvember í samantekt um hvað eftirlit og ráðgjöf kostar safnið. Ljósmyndaverkefnið

klárast núna um áramótin en enn er verið að breyta og bæta og gera síðuna notendavænni.

Einnig fór Þorsteinn yfir fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár.

Til máls tóku auk formanns Helgi S. Haraldsson, Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Sveinn S. Steinarsson og Helgi Kjartansson.

Í fundargerð fagraðs frá 15. september var rætt um að fá fjármagn frá Rangæingum í myndaverkefni Ottós Eyfjörð, til stendur að fá fjármagnið en ekki hefur verið gengið frá því.

Ekki fékkst styrkur úr uppbyggingarsjóði þegar síðast var sótt um en fyrirhugað er að sækja um aftur í seinni úthlutun ársins 2015.

Fundargerðin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga

Fundargerð fagraðs frá 27. september var lögð fram til samþykktar.

Inga Jónsdóttir kom inn á fundinn og sagði frá starfi Listasafns Árnesinga. Safnið safnar, varðveitir, miðlar, rannsakar og skrásetur íslenska myndlistarsögu og setur í sunnlenskt samhengi. Megináherslur safnsins eru að miðla fjölbreyttri myndlist á aðgengilegan hátt, faglegur metnaður með nýsköpun í hug og að efla tengsl við skóla í sýslunni. Ný sýning verður opnuð núna í lok október og er megináherslan þar á pappír. Ýmislegt er í skoðun varðandi vorsýninguna 2016 en á sumarsýningunni veður Grímsnesið í sviðsljósinu. Samstarfsverkefni LÁ og Listasafnsins á Akureyri verður vetrarsýning 2017 og mun heita Nautn. Ýmis samstarfsverkefni eru í gangi hjá LÁ, má þar nefna að namar hafa komið í starfsþjálfun en það er samstarfsverkefni með listkennsludeild Listaháskólans. Langar Ingu að koma á meira samstarfi þar á milli og vill hún nýta sér Skype til þess. Einnig er samstarf við PFCEU í Slóvakíu og myndlistarmenn á svæðinu hafa verið með námskeið.

Brýnasta verkefnið framundan er stefnumótunarvinna Listasafns Árnesinga með áherslu á hvernig listasafnið á að þróast og hvaða væntingar við höfum til starfseminnar.

Gestafjöldi það sem af er árinu er 10600 sem er metþátttaka en þó á eftir að opna eina sýningu. Mikið er um að rútur komi og stoppi í safninu og þarf þá oft að kalla til aukastarfsmann.

Einnig fór Inga yfir fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár.

Fundargerðin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Ragnar Magnússon, Skafti Bjarnason, Helgi Kjartansson, Guðmundur Ármann Pétursson og Arna Ír Gunnarsdóttir.

7. Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga

Fundargerðir fagráðs, nr. 5 frá 26 maí, nr. 6 frá 14. september og nr. 7 frá 23. september, voru lagðar fram til samþykktar.

Lýður Pálsson kom inn á fundinn og sagði frá Byggðasafni Árnesinga. Ræddi hann um hlutverk byggðasafnsins. Ráðist var í fyrirhugað viðhald á Húsinu og Assistentahúsinu. Húsið sjálft var tjargað og Assistentahúsið var málað. Sótt verður um styrk til verksins nk. haust.

Ræddi hann um Þuríðarbúð en húsið sjálft er er opið öllum en gripirnir sem henni fylgja er í vörslu byggðasafnsins. Líklega munu einhverjir munir verða settir upp í kaffihúsinu Gimli á Stokkseyri.

250 ára afmæli Hússins á Eyrarbakka var haldið 9. ágúst sl. og þótti takast vel til. Var ásóknin það mikil að færa þurfti dagskrána yfir í Eyrarbyggjakirkju.

Lýður telur að starfsemi ársins verði hallalaus. Gerð hefur verið starfsáætlun fyrir árið 2016.

Aðsókn að byggðasafninu hefur aukist á milli ára en um 4500 – 5000 gestir komu á árinu, stór hluti gesta yfir sumarið eru erlendir en íslenskir gestir koma meira í hópum allan ársins hring. Ákveðið hefur verið að leita aðstoðar við markaðsmál hjá Markaðsstofu Suðurlands.

Lýður ræddi um Rjórabúð á Baugsstöðum en nú er kominn tími á að skipta um klæðningu á hliðum og fær búð styrk frá Húsafriðunarsjóði til þess. Aðsókn að Rjórabúðinu mætti vera meiri.

Safnaráð hefur boðað komu sína í byggðarsafnið en í heimsókninni verður skoðað ástand húsnæðis, rakastig, hitastig, ljósmagn, meindýravarnir, fyrirkomulag í geymslum, á sýningum, verklag og frágangur og meðferð gripa. Safnaráð sér um útteilingu styrkja til viðurkenndra safna og hefur einnig eftirlit með starfsemi þeirra. Fyrirhugað er að opna sýningu í Kirkjubæ um páskana 2016. Einnig ræddi hann um Mundakotsskemmunu.

Ákveðið hefur verið að hafa byggðasafnið opið í 5 mánuði árið 2016 og hækka aðgangseyrinn í 1.000 kr. Ekki er búð að taka ákvörðun um hvað sýnt verður í borðstofunni næsta sumar en nokkrar hugmyndir hafa þó komið upp á borðið en fljótlega verður tekin ákvörðun um það.

Einnig fór Lýður yfir fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár.

Fundargerðir voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi Kjartansson, Ármann Einarsson, Guðmundur Ármann Pétursson, Óttar Bragi Þráinsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Kjartan Björnsson.

8. Málefni Alviðru

Lagt var fram bréf frá stjórn Skógræktarfélags Árnesinga, er þar er óskað eftir viðræðum við fulltrúa héraðsnefndar um samvinnu og framtíðarsýn um land jarðarinnar Alviðru í Ölfusi.

Einnig var lagt fram bréf frá stjórn Alviðrustofnunar þar sem óskað er eftir tveimur fulltrúum Héraðsnefndar Árnesinga í vinnuhóp um framtíðarhorfur Alviðru.

Til máls auk formanns tóku Aldís Hafsteinsdóttir, Ragnar Magnússon, Viktoría Sif Kristinsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Guðmundur Ármann Pétursson, Skafti Bjarnason og Hörður Óli Guðmundsson.

Lagt var til að Árni Einarsson, oddviti í Flóhreppi og Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, verði fulltrúar héraðsnefndar í vinnuhópi um framtíðarhorfur Alviðru. Var það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ari þakkaði fundarmönnum góðan fund og frestaði fundi til morguns.

Föstudagurinn 16. október kl. 9:00

Formaður tók til máls og óskaði eftir að dagskrá yrði breytt og byrjað yrði á málefnum brunavarna. Var það samþykkt samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu

Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir starfsmenn Brunavarna komu á fundinn.

Pétur Pétursson, sitjandi slökkviliðsstjóri, lagði fram og las bréf frá starfsmönnum Brunavarna Árnessýslu til Héraðsnefndar Árnesinga vegna þeirrar ákvörðunar að segja upp Kristjáni Einarssyni, slökkviliðsstjóra. Að því loknu afhenti Pétur formanni HÁ bréfið.

Pétur fór yfir fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2016 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Ásta Stefánsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Guðmundur Ármann Pétursson, Aldís Hafsteinsdóttir, Sveinn S. Steinarsson, Helgi Kjartansson og Skafti Bjarnason.

Fundargerðir fagráðs nr. 9 frá 8. apríl, nr. 10 frá 22. september og nr. 11 frá 29. september, voru lagðar fram til samþykktar.

Fundur nr. 10.

Rætt var um erindi frá Búnaðarfélagi Gnúpverjahrepps varðandi byggingu slökkvistöðvar.

Til máls tóku auk formanns Ragnar Magnússon, Sveinn S. Steinarsson, Helgi Kjartansson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Fundargerðir bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Brunavarnaáætlun, kynning

Pétur Pétursson fór yfir brunavarnaáætlun sem gerð hefur verið fyrir starfssvæði Brunavarna Árnassýslu að beiðni Mannvirkjastofnunar. Þessi áætlun þarf að fara til samþykktar hjá hverri sveitarstjórn fyrir sig. Bæta á eftir inn í hana áætlun fyrir öll stærri fyrirtæki og stofnanir á starfssvæðinu.

Mikil vinna liggur að baki áætlunar sem þessarar en maður frá Mannvirkjastofnun hefur verið til aðstoðar, hún er gerð til 5 ára.

Brunavarnir Árnassýslu sjá fyrir sér að ef sameining við sjúkraflutninga eiga sér stað þá væri væri komið tilefni til að stofna atvinnuslökkvilið. En atvinnuslökkvilið er gríðarlega kostnaðarsamt þar sem tími útkalla er mjög breytilegur og oftast er hann eftir hefðbundinn vinnutíma en öryggisins vegna væri ávinningur í því. Einnig var rætt um sameiningu við önnur slökkvilið.

Héraðsnefnd Árneseinga leggur til að brunavarnaáætlunin verði lögð fyrir allar sveitarstjórnir til samþykktar.

Til máls tóku auk formanns Eyþór Ólafsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Ármann Pétursson, Hörður Óli Guðmundsson, Sveinn S. Steinarsson, Helgi S. Haraldsson, Skafti Bjarnason og Ragnar Magnússon.

10. Fjárhagsáætlun Almannavarna Árnassýslu

Fundargerð Almannavarnanefndar Árnassýslu, nr. 22 frá 9. október, var lögð fram, einnig fundargerðir framkvæmdaráðs Almannavarna Árnassýslu nr. 11 frá 9. apríl, nr. 12 frá 25. ágúst og nr. 13 frá 28. september.

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og ræddi fjárhagsáætlun Almannavarna Árnassýslu fyrir árið 2016 og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tók formaður.

Fundargerðir bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

11. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga

Tekin var fyrir fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga.

Ingibjörg Gardarsdóttir tók til máls og fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Til máls tók auk formanns Ragnar Magnússon.

Fjárhagsáætlun fyrir hverja stofnun fyrir sig var borin undir atkvæði og þær samþykktar samhljóða.

Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga 2016						
Samþykkt á haustfundum HÁ í Hveragerði 16. október 2015						
	Áætlun 2015	Hlutfall af framlögum	Áætlun 2016	Hlutfall af framlögum	Hlutfallsleg breyting milli ára	
Tekjur:						
Framlög sveitarfélaga	69.474.000	100,0%	78.089.000	100,0%	12,4%	
Tekið af eigin fé:						
Samtals	69.474.000		78.089.000		12,4%	
Gjöld:						
Byggðasafn Árneseinga	23.100.000	33,2%	26.650.000	34,1%	15,4%	
Listasafn Árneseinga	21.500.000	30,9%	23.200.000	29,7%	7,9%	
Héraðsskjalasafn Árneseinga	19.800.000	28,5%	22.665.000	29,0%	14,5%	
Stjórnun, annað og ófyrirséð	3.500.000	5,0%	4.000.000	5,1%	14,3%	
Fastir styrkir	1.574.000	2,3%	1.574.000	2,0%	0,0%	
Samtals	69.474.000	100,0%	78.089.000	100,0%	12,4%	
Sundurliðun:						
Fastir styrkir						
HSK	1.064.000	1,5%	1.064.000	1,4%	0,0%	
SSK	255.000	0,4%	255.000	0,3%	0,0%	
Svæðisstj. björgunarsv. í Árneseýslu	255.000	0,4%	255.000	0,3%	0,0%	
Samtals	1.574.000	2,3%	1.574.000	2,0%	0,0%	
	2015		2016		Breyting á milli ára	
Tónlistaskóli Árneseinga						
Launaliður	215.794.505		200.621.512		-7,0%	
Samtals	215.794.505		200.621.512		-7,0%	
Almannavarnir Árneseýslu	3.570.000		3.671.600		2,8%	
Samtals	3.570.000		3.671.600		2,8%	
Brunavarnir Árneseýslu	190.005.000		211.377.000		11,2%	
Samtals	190.005.000		211.377.000		11,2%	

12. Hjúkrunarrými í Árnassýslu - Staða mála - Næstu skref

Unnur Þormóðsdóttir kom inn á fundinn og ræddi um stöðu hjúkrunarrýma í Árnassýslu. Fækkun hefur orðið á hjúkrunarrýmum frá því 2012 en þá voru 116 hjúkrunarrými í sýslunni og 85 dvalarrými. Í byrjun árs 2016 munu rýmin verða 118 hjúkrunarrými og 73 dvalarrými. Fjöldi fólks er á biðlistum og nú í október voru 18 aðilar að bíða eftir hjúkrunarrýmum, 2 eftir dvalarrýmum og 29 eftir hvíldarrýmum, þar af eru 6 að bíða eftir varanlegri vistun. Ekki er til endurhæfingarhvíldarrými í heilbrigðisumdæmi Suðurlands. Eins og staðan er í dag eru margir inn á sjúkrahöfnunum sem ættu að frekar að vera í hjúkrunarrýmum. Auka þarf heimahjúkrun á svæðinu. Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, hefur sent bréf um að tekin verði 4 rými af Kumbaravogi um næstu áramót en nota á fjármunina í öldrunarmál á HSu. Einnig er upphæð inn á fjárlögum fyrir aukinni þjónustu en sú upphæð er ekki það há að hún breyti þjónustustigi mikið. Við þurfum meiri peninga til að auka lífsgæði þeirra sem eru veikir heima. Einnig þarf að fá hjúkrunarfræðinga í heimaþjónusturnar en ekki eingöngu sjúkraliða. Athuga má hvort að hægt sé að fá félagsþjónustur á svæðunum til að starfa í kvöld- og helgarþjónustu við þau störf sem ekki er krefjast heilbrigðismenntunar. Ekki er hægt að bjóða upp á sólahringsþjónustu á svæðinu þar sem ekki er til fjármagn. Fólk annars staðar frá er að sækjast í að komast í rými á svæðinu.

Uppbyggingaráætlun er í vinnslu en hún hefur ekki enn litið dagsins ljós.

Til máls tóku auk formanns Arna Ír Gunnarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Sveinn S. Steinarsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Skafti Bjarnason og Ragnar Magnússon.

Héraðsnefnd samþykkir eftirfarandi ályktun:

Héraðsnefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að fjölga hjúkrunar- og hvíldarrýmum í Árnassýslu, en enn virðist unnið að því að fækka rýmum á Kumbaravogi án þess að rýmum fjölgi á öðrum hjúkrunarheimilum í sýslunni. Þegar liggur fyrir áhugi hjá hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði og Sólvöllum á Eyrarbakka fyrir að fjölga rýmum. Þá er ljóst af tölum um fjölda fólks á biðlistum að þörf er fyrir uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis í sýslunni. Héraðsnefnd vísar til samþykktar vorfundar, þar sem samþykkt var að leita eftir því við Velferðarráðuneytið að heimahjúkrun verði aukin og að jafnframt verði hafist handa við byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Selfossi.

Þakkaði Ari héraðsnefndarmönnum og starfsmönnum góða samvinnu og samveru og góðan viðurgjöfning í Hveragerði og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Fundinn sátu:

Ari Björn Thorarensen
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sveinn S. Steinarsson

Árborg
Árborg
Sveitarfélagið Ölfus

Ragnar Magnússon,	Hrunamannahreppur
Guðmundur Ármann Pétursson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Hörður Óli Guðmundsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Margrét Jónsdóttir	Flóahreppur
Skafi Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Óttar Bragi Þráinsson	Bláskógabyggð
Bjarney Vignisdóttir	Hrunamannahreppur
Ármann Einarsson	Sveitarfélagið Ölfus
Viktoría Sif Kristinsdóttir	Hveragerði
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerði
Ásta Stefánsdóttir	Árborg
Sandra Dís Hafþórsdóttir	Árborg
Helgi S. Haraldsson	Árborg
Kjartan Björnsson	Árborg
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari